

Ábending vegna væntanlegs norðan illviðris fös. 30. ágúst og lau 31. ágúst

Veðurstofunni 26. ágúst 2013 kl. 10:00

Vakthafandi veðurfræðingar á Veðurstofunni vilja vekja sérstaka athygli á mjög slæmri veðurspá í lok þessarar viku.

Veður er meinlaust frá mánudegi og út fimmtudag. Síðan er spáin eftirfarandi:

Á föstudag

Gengur í norðan og norðvestan 15-23 m/s. Mikil rigning á N-verðu landinu, en slydda eða snjócoma síðdegis í meira en 150-250 m hæð yfir sjávarmáli. Úrkomulítið S-lands. Hiti frá 1 stigi á Norðurlandi upp í 10 stig syðst.

Á laugardag

Norðvestan 18-25 m/s á Norður- og Austurlandi um morguninn og mikil rigning neðan við 100-200 metra yfir sjávarmáli, annars slydda eða snjócoma. Þurrkt að kalla S- og V-til og hægari vindur vestast. Dregur úr vindi og úrkomu þegar kemur fram á daginn, fyrst á V-verðu landinu. SV og V 3-10 m/s um kvöldið og léttskýjað, en norðvestan 13-18 á NA-horni landins og slydda eða snjócoma. Hiti frá 0 stigum í innsveitum N-til, upp í 8 stig syðst. Frystir í innsveitum fyrir norðan seint um kvöldið.

Á sunnudag

Fremur hæg suðlæg átt, léttskýjað og kalt í veðri. Suðaustan 8-13 þegar líður á daginn með rigningu S-lands og hlýnar smám saman.

Þessi spá er byggð á líkani ECMWF með greiningu 2013-08-26 00:00 UTC.

Næsta spá frá ECMWF með greiningu 2013-08-26 12:00 UTC er væntanleg til Veðurstofunnar eftir kl. 19:00 í kvöld.

Vakthafandi veðurfræðingar:

Teitur Arason og Haraldur Eiríksson